

58 24. maí Útsvörum, sem jafnað er niður í Eiðahreppi og Vallahreppi árið 1947 á þá gjaldendur, sem koma til með að verða í Egilsstaðahreppi eftir að skiptin hafa farið fram, skal skipta þannig, að helmingur þeirra renni í hreppssjóð Egilsstaðahrepps, en helmingur í hreppssjóð hinna hreppanna hvors um sig, eftir því sem við á.

Að öðru leyti fara skiptin fram samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, eftir því sem við verður komið. Ríkissjóður lánar Egilsstaðahreppi bótafé þetta, og heimilt er ríkisstjórninni að gefa eftir allt að helmingi lánsins að tveim árum liðnum, ef þess verður talin þörf.

11. gr.

Nú næst ekki samkomulag um bætur þær, er Egilsstaðahreppur á að greiða samkv. 10. gr., og skal þá Hæstiréttur nefna þrjá menn í gerðardóm, og ákveður hann bæturnar. Kostnað af gerðardómnum greiðir ríkissjóður.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1947.

Ríkisstjórnin skal sjá um, að lögmaet hreppsnefndarkosning geti farið fram í Egilsstaðahreppi fyrsta sunnudag í júlímánuði 1947. Allir, sem búsettir voru 1. janúar 1947 á því svæði, sem hinn nýi Egilsstaðahreppur tekur yfir, eiga kosningarrétt við þær hreppsnefndarkosningar.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

59

24. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

HÁNDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 1. málsgrein 8. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé gjaldþegn félag samkvæmt 6. gr. II. 1. tölulið, skal leggja útsvar á félagið þar, sem það hefur skrásett heimilisfang, án tillits til þess, hvar stjórnendur eða framkvæmdastjóri eiga lögheimili, enda reki félagið atvinnu sína á skrásetningarstað. Ef slíkt félag rekur atvinnu í fleiri sveitum en einni, má á hverjum stað aðeins leggja á þær eignir, sem þar eru, og þær tekjur, sem sá atvinnurekstur gefur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.